



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 25. mars 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 73/2016, 536. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarmörk og endurskoðun ársreikninga), 536. mál, löggjafarþing 154.

Í frumvarpinu er lagt til að viðmið um heildareign, hreina veltu og meðalfjölda ársverka örfélaga hækki í samræmi við ársreikningatilskipun Evrópusambandsins 2013/34/ESB. Jafnframt er lagt til að námundað verði til hækkunar við útreikning viðmiða um heildareign og hreina veltu lítilla, meðalstórra og stórra félaga og samstæðna. Samtökin fagna efnistöðum frumvarpsins og taka undir markmið þess um einföldun regluverks og að vinna skuli ofan af gullhúðun. Samtökin hafa áður bent á að efnistöð núverandi laga séu íþyngjandi þar sem gengið er lengra en tilskipun 2013/34/ESB kveður á um og feli þannig í sér gullhúðun.¹

Áhrif íþyngjandi viðmiða héraendis hafa m.a. haft í för með sér að félögum er gert að birta upplýsingar um rekstur og ráðast í kostnaðarsama endurskoðun ársreikninga sem sambærilegum félögum innan EES-svæðisins er ekki skylt að gera. Dæmi um þetta er að viðmiðunarmörk eru það lág að félag sem telst lítið byggingarfélag héraendis er sett undir sömu reikningssskilaskilyrði og stærstu fyrirtæki landsins. Hlutfallslegur kostnaður þessara aðila vegna kvaðanna er langt úr hófi og skekkir samkeppnisstöðu og veikir rekstrarstöðu örfélaga og lítilla félaga hér á landi samanborið við félög í sömu stöðu í öðrum Evrópuríkjum. Að mati samtakanna ætti ekki að viðhalda þröngri skilgreiningu á hugtakinu örfélag hér á landi til samanburðar við það sem viðgengst í Evrópusambandinu.

Alla jafna er það mat SI að afnám séríslenskra reglna, líkt og um ræðir, sé nauðsynlegt og svari knýgjandi þörf um einföldun regluverks. Samtökin fagna því tilkomu þessa frumvarps og telja mikilvægt að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Lilja Björk Guðmundsdóttir,
Yfirlögfræðingur

¹ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Gullhudun-EES-reglna_Abendingar-SI-til-starfshops_26.-februar-2024.pdf